

Stjórnartíðindi 1913. A.

Nr. 1.

Opið brjef

um að hans konunglega tign Haraldur, prins af Danmörku,
sje settur ríkisstjóri.

Nr. 1.
13.
febrúar.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð Danmerkur konungur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Þarð Vjer höfum í hyggju að sækja heim hans hátign Noregs konung
setjum Vjer ríkisstjóra samkvæmt 1. gr. í lögum nr. 25. 11. febrúar 1871, um ríkis-
stjórn, þegar svo stendur á, að konungur er ekki orðinn fulltíða, eða er sjúkur eða
fjarverandi, bróður Vorn elskulegan, hans konunglegu tign Harald Christián Frederik,
og hefur hann ríkisstjórn á hendi í Voru nafni frá þessum degi, þangað til Vjer
komum heim aftur.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amaliuborg, 13. febrúar 1913.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Klaus Berntsen.

Konungleg auglýsing

um að konungur sje kominn heim aftur og tekinn við ríkisstjórn.

Nr. 2.
18.
febrúar.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guð náð Danmerkur konungur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Eftir að Vjer erum aftur heim komnir úr kynnisför Vorri til
hans hátignar Noregs konungs kunngjörum Vjer hjer með Vorum kæru og trúu þegnum,
að Vjer höfum sjálfir í dag tekið við ríkisstjórninni, sem Vjer með opnu brjefi 13. þ. m.
samkvæmt 1. grein í lögum nr. 25, 11. febr. 1871 höfðum falið bróður Vorum elskulegum,
hans konunglegu tign Haraldi Christiáni Frederiki að hafa á hendi, sem ríkisstjóra, í
fjærvist Vorri.

Gefið á Amaliuborg, 18. febrúar 1913.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Klaus Berntsen.